

**Nr. 081 / 13 Hákon ÍS 135****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6070  
Smíðaður: Reykjavík 1979 plast  
Stærð: 3,3 brl. 4,1 bt.  
Mesta lengd: 8,19 m Skráð lengd: 7,82 m  
Breidd: 2,17 m Dýpt: 1,02 m  
Vél: Sabb Diesel 50 kW 1980  
Fjöldi skipverja: 1



Hákon ©Hafþór Hreiðarsson

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 14. febrúar 2014 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmari Snorrasyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 10. júní 2013 var Hákon ÍS 135 á strandveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: Logn

Á veiðunum ætlaði skipstjóri að gangsetja vélina til að kippa á veiðislóðinni en þá fór allt rafmagn af bátnum með þeim afleiðingum að öll siglingatæki og talstöð urðu rafmagnslaus. Skipstjóri hringdi í Vaktstöð siglinga og óskaði eftir aðstoð. Björgunarbáturinn Gísli Hjalta var sendur á staðinn og dró hann Hákon til hafnar í Bolungarvík.

**Við rannsókn kom fram:**

- að þegar í land var komið kom í ljós að jörð á rafal, sem hlaða á inn á rafgeymakerfin, hafði farið í sundur svo hleðsla var ekki nægjanleg. Hleðslan var samt sem áður það mikil að spennumælir sýndi einhverja hleðslu og hleðsluljós kviknaði ekki;
- að sami rafall hlóð ræsi- og neyslurafgeyma en neyslurafgeymirinn var tengdur í forgang. Þar sem eðli bilunar var lítil hleðsla inn á neyslurafgeyminn (náði ekki nægjanlegri hleðslu) hleypti hann ræsirafgeyminum ekki að hleðslunni. Í kjölfarið var tengingum á „hleðsludeili“ breytt og ræsirafgeymirinn settur í forgang;
- að þegar björgunarbáturinn kom á vettvang varð skipstjórinn að skjóta upp neyðarflugeld til að björgunarbáturinn fyndi hann enda voru komnar miklar öldur.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.